

AÐALFUNDUR 2021

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

AFHENDING HVATNINGARSTYRKJA

HVATNINGARSTYRKIR TIL FRUMKVÖÐLA Í HJÚKRUN

Hvatningarstyrkir til frumkvöðla í hjúkrun á Íslandi að upphæð 500.000 krónur hver hljóta hjúkrunarfræðingarnir:

Ásdís Elfarsdóttir Jelle er deildarstjóri sýkingavarnadeildar Landspítala og hefur verið leiðandi í sýkingavörnum í hjúkrun. Hún hefur birt fjölmargar fræðigreinar og unnið að mörgum gæðaverkefnum sem snúa að sýkingavörnum. Metnaður Ásdísar fyrir þessu mikilvæga grunnfagi er hornsteinn í öryggi allra sjúklinga á Íslandi.

Guðbjörg Pálsdóttir er sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með sár og hefur verið brautryðjandi í þróun sárahjúkrunar í áratugi. Hún hefur breitt út þekkingu til hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta um mat á sárum og sárameðferð um land allt. Hún hefur skrifað fjölda fræði- og vísindagreina um sár og sárameðferðir.

Jónína Hólmfríður Hafliðadóttir er frumkvöðull á sviði taugahjúkrunar og er fyrsti sérfræðingur í hjúkrun með áherslu á Parkinsonsjúklinga. Jónína hefur gegnt lykilhlutverki í þróun hjúkrunar innan þessa sérsviðs á Íslandi.

Snæbjörn Ómar Guðjónsson er sérfræðingur í geðhjúkrun. Framlag hans hefur skipt sköpum í eflingu geðhjúkrunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) og á landsvísu. Snæbjörn hefur borið hitann og þungann af innleiðingu fjölskylduhjúkrunar við SAK í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Sóley Bender prófessor er frumkvöðull í uppbyggingu fræðasviðs um kynheilbrigðismál. Niðurstöður rannsókna Sóleyjar hafa birst í fjölda vísindatímarita og hefur framlag hennar verið ómetanlegt í fræðslu og forvarnarstarfi hvað varðar kynfræðslu fyrir unglunga.